

# LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA

BÆNDAHÖLL · 107 REYKJAVÍK · S: 91-29899 og 19200 · NNR. 5978—8922.



Stofnað 1949

6. fundur stjórnar L.H. haldinn briðjudaginn 9. júní '92 í Bændahöllinni við Hagatorg.

Mætt voru: Kári Arnórsson, Halldór Gunnarsson, Sigfús Guðmundsson, Ágúst Oddsson, Sigbjörn Björnsson, Sigurður Þórhallsson, Elísabet Þórólfssdóttir, Ingimar Ingimarsson og Guðmundur Jónsson.

1. Tölvumál v. stórmóta. Sjá síðar.
2. Borist hefur frá Alþingi frumvarp til laga um stjórn skipulags og byggingarmála á miðhálendi Íslands og er óskað umsagnar L.H. um þetta mál.  
Kári lagði til að vísa þessu máli til ferða- og umhverfismálanefndar og var bað samþykkt.
3. 43. ársbing L.H. að Flúðum. Á síðasta ársbingi var ákveðið að óska eftir umsögnum hestamannafélaganna um að halda þing annað hvert ár. Einungis hafa borist svör frá níu félögum og eru þau öll á einn veg, þ.e. að þing skuli halda annað hvert ár. Enn vantar svör frá fjölda félaga og var ákveðið að gera átak í að ýta á eftir að þau berist.
4. Bréf frá Félagi hrossabænda hefr borist, þar sem boðið er upp á samstarf um gerð kynningarmyndar um íslenska hestinn. Í bréfinu er þess getið að Félag tamningamanna og fleiri séu aðilar að þessu fyrirhugaða verki auk Félags hrossabænda.  
Ákveðið var að óska eftir ítarlegri upplýsingum um þetta mál t.d. um fármögnunarleiðir.
5. Félagsaðild barna að hestamannafélögum. Mjög hefur verið á reiki hvaða reglur hafa gilt í þessu sambandi og nauðsynlegt talið að finna á þessu allsherjarlausn. Stjórnin var sammála um þá lausn, að börn 12 ára og yngri séu félagsskyld vilji þau öðlast keppnisrétt, en félögin burfi ekki að greiða af þeim til L.H. og því sé eðlilegt að þau greiði ekki félagsgjald. Við val keppnishesta á stórmót gildi sú regla jafnframt, að börn 12 ára og yngri teljast ekki. Sama regla gildir um val fulltrúa á landsþing og e.t.v. fleira. Unglingar, 13-16 ára greiða hins vegar 1/2 gjald til L.H. eins og verið hefur.

6. Skógarhólar. Sigurður framkvæmdastjóri greindi frá hugmyndum um uppbyggingu gömlu hraunréttarinnar á Skógarhólum. Fyrirhugað er námskeið í grjóthleðslu sem fram á að fara á Skógarhólum og mun Tryggvi Gunnar Hansen leiðbeina þar. Fram kom að Þingvallahreppur er löglegur eigandi réttarinnar.
7. Æskulýðsmót FEIF 17.-26. júlí. Sigurður gerði grein fyrir undirbúnungi og þátttöku, en 34 unglings koma erlendis frá og u.p.b. 10 íslenskir krakkar munu taka þátt.
8. Reiðvegamál. Lítið hefur enn þokast í samvinnu við Vegagerð og hefur Jón Birgir Jónsson yfirverkfræðingur og formaður nefndar um reiðvegaáætlun haft lítið frumkvæði og einungis hefur verið haldinn einn fundur í áðurgreindri nefnd. Í ljósi þess að reiðvegamál verða aðalmál næsta ársþings bá telur stjórnin nauðsynlegt að fyrrgreind nefnd verði virk hið bráðasta og var ákveðið að rita Jóni Birgi Jónssyni bréf í því sambandi og krefjast þess að hann boði til fundar.
9. Svæðisfundur var haldinn á Akureyri 20. maí með eyfirsku félögnum. Þar mættu Kári, Sigurður, Halldór og Ingimar. Einnig mætti á fundinn Jón Finnur Hansen starfsmaður Landgræðslu og flutti erindi um hrossabœit o.fl. Fundurinn var fremur fámennur en málefnalegur.
10. Tölvumál (frá lið nr. 1). Fundur var haldin þar sem mættu fulltrúar frá L.H. og HÍS til að ræða tilboð um hugbúnaðargerð vegna dómarakerfis, sem borist hefur frá TÍR (Tölvubjónusta Rvík). Á fundinn mættu einnig fulltrúar frá Íþróttadeild Fáks og Ólafur H. Einarsson tölvusérfræðingur. Ljóst er að þetta kostar mikið og nýting á ári hverju tiltölulega lítil og því vandséð hvernig fjármagna á slíkan búnað. Menn voru sammála um aðskoða þessa hluti vandlega með tilliti til þess að þarna geti verið um að ræða skref fram á við í endurskipulagningu stórmóta. Kári gerði að tillögu sinni að Guðmundur, Ingimar og Ólafur H. skipi starfshóp en Dómarafélag leggi þar til two, til þess að vinna að þessum málum.
11. Ingimar gerði stuttlega grein fyrir störfum nefndar um endurskipulag menntunar dómara en sú nefnd hefur haldið einn fund.

12. Ágúst spurði um hvort til stæði að flytja skrifstofu L.H. inn í Laugardal. Formaður og framkvæmdastjóri töldu það ekki fýsilegan kost að svo komnu máli, sérstaklega hvað húsnæði áhrærir, sem í boði er.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:00

Kári Arnórsson  
Halldór Gunnarsson  
Sigfús Guðmundsson

Ingimar Ingimarsson  
Guðmundur Jónsson  
Ágúst Oddsson